

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um rekstrarvanda Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við skertri þjónustu á Heilbrigðisstofnun Austurlands, yfirvofandi lokunum deilda og uppsögnum starfsfólks vegna viðvarandi rekstrarvanda stofnunarinnar síðustu ár?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni fjárveitingu á fjáráukalögum þessa árs vegna erfiðrar rekstrarstöðu stofnunarinnar?
3. Mun ráðherra láta endurmeta rekstrargunn stofnunarinnar með tilliti til aukinna umsvifa á svæðinu og íbúafjölgunar?
4. Hyggst ráðherra efla starfsemi stofnunarinnar að íbúar á Austurlandi hafi aðgang að sérfræðingum á algengustu sérsviðum heilbrigðisþjónustunnar?